

## GJALDSKRÁ

### fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa í Borgarbyggð.

#### 1. gr.

##### *Byggingarleyfisgjald.*

Byggingarleyfisgjald greiðist skv. eftirfarandi reglu:

- a) Af öllum nýbyggingum í Borgarbyggð skal greiða byggingarleyfisgjald kr. 160.000 og að auki skal greiða kr. 160 fyrir hvern fermetra byggingarinnar. Gjald innifelur allar úttektir, vottorð og eina mælingu á útsetningu húss. Haugkjallrar eru ekki reiknaðir með í fermetrastærð. Byggingar skv. c) lið eiga ekki við þessa grein. Fyrir byggingarleyfi vegna stækunar á eldra húsnæði skal greiða sveitarsjóði fast gjald eftir stærð stækunar. Viðbyggingar, sólstofur, bílskúr og garðhús 10-25 m<sup>2</sup> kr. 25.000. Viðbyggingar, sólstofur, bílskúr og garðhús 26-60 m<sup>2</sup> kr. 40.000. Viðbyggingar, sólstofur, bílskúr og garðhús stærri en 60 m<sup>2</sup> sama leyfisgjald og fyrir nýbyggingar skal að auki greiða 160 kr. fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar.
- b) Fyrir breytingar á húsnæði eða notkun þess, fyrir að rífa hús eða önnur mannvirki, gerð bifreiðastærða eða önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, skal greiða sveitarsjóði kr. 11.000.
- c) Fyrir byggingar aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum búskap og eru utan þéttbýlis skal auk fastagjaldsins sem er kr. 11.000 greiða kr. 780 fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar. Til þessara bygginga teljast m.a. sumarbústaðir, orlofsbúðir, veiðihús, fjallaskálar, skíðaskálar o.fl.
- d) Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits skal greiða kr. 11.000 í sveitarsjóð. Ennfremur skal greiða kr. 55.000 fyrir hverja aukamælingu í útsetningu húss.
- e) Leyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Verði leyfið endurnýjað óbreytt skal greiða fyrir það kr. 11.000.
- f) Fyrir afgreiðslu byggingarfulltrúa vegna löggildingar iðnmeistara skal greiða kr. 11.000.
- g) Vinna byggingarfulltrúa (t.d. ef vinna fer fram úr innheimtu leyfisgjaldi) kr. 10.500 pr. klst.
- h) Yfirferð teikninga (undanþegin önnur gjöld í lið 6.1) kr. 10.500 pr. klst.
- i) Gjöld vegna aðkeyptrar yfirferðar séruppráttar, gjald skv. reikningi.

#### 2. gr.

##### *Gjöld vegna stöðuleyfis.*

- a) Tímabundin stöðuleyfi 20 ft. gáma kr. 35.000.
- b) Tímabundin stöðuleyfi 40 ft. gáma kr. 60.000.
- c) Árlegt eftirlitsgjald vegna stöðuleyfa á skipulögðum gámasvæðum innan lóða kr. 20.000.
- d) Tímabundin stöðuleyfi vegna hjólhýsa, báta o.fl. kr. 25.000.

#### 3. gr.

##### *Leyfisveitingar og úttektir.*

- a) Aðrar úttektir og vottorð (vínveitingaleyfi, leiguhúsnæði o.fl.) kr. 20.000.
- b) Yfirferð og umfjöllun eignaskiptayfirlýsingar kr. 12.000.
- c) Breyting á lóðarleigusamningi kr. 22.000.
- d) Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs kr. 15.000.
- e) Úttektir vegna byggingarstjóraskipta kr. 10.000.
- f) Úttektir vegna meistaraskipta kr. 8.000.
- g) Stöðuúttektir, undanþegnar úttektir í lið 6.1 kr. 10.000.

Nr. 327

12. mars 2015

4. gr.

*Ejónustugjöld.*

- a) Plottun, skönnun eða ljósritun teikninga, blaðastærð A3 eða minna kr. 300.
- b) Plottun, skönnun eða ljósritun teikninga, blaðastærð A2 eða stærra kr. 700 pr. stk.

5. gr.

*Einingarverð og gildistaka.*

Einingarverð gjaldtóku skv. þessari grein breytist mánaðarlega í samræmi við breytingar á byggingarvíslölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við desember 2014 sem er 120,8 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og er innheimt skv. henni við útgáfu byggingarleyfis, sbr. 53. gr. sömu laga og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 129/2009.

*Borgarnesi, 12. mars 2015.*

**Kolfinna Jóhannesdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2015